

Miðvikudaginn 15. október 1958.

Nr. 97/1958. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson hrl.)
 gegn

Anton Högnasyni (Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
 son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús
 P. Torfason.**

Sýkna af ákæru um bifreiðalagabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði er samkvæmt ákæruskjali sakaður um að hafa verið með áhrifum áfengis eða miður sín vegna undanfarinnar neyzlu áfengis, er hann ók bifreiðinni um götur Reykjavíkur og síðan að Sundhöll bæjarins árdegis hinn 12. nóvember 1957. Eigi er fram komið í málinu, að stjórn ákærða á bifreiðinni hafi í neinu verið áfátt. Ákærða var ekki tekið blóð til rannsóknar, sbr. 23. gr. þágildandi bifreiðalaga nr. 23/1941, en sú rannsókn var látin undan falla vegna andmæla ákærða. Fimm vitni úr starfsliði Sundhallarinnar, sem sáu ákærða eða höfðu samskipti við hann þar, hafa komið fyrir dóm. Eins og rakið er í héraðsdómi, segjast þrjú þessara vitna hafa fundið áfengislykt af ákærða og telja þau hann hafa verið með áhrifum áfengis. Eitt vitnið kveður það álit sitt, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, enda þótt það yrði ekki vart áfengisþefs úr vitum hans eða styddi þetta álit nokkrum öðrum rökum. Fimmta vitnið kveðst ekki hafa orðið vart áfengisþefs af ákærða né neins annars í fari hans, er benti til þess, að hann væri með áhrifum áfengis. Tveir lögreglumenn, sem komu á vettvang, og lögregluvarðstjóri sá, er hafði mál ákærða til meðferðar, eftir að hann hafði verið fluttur á lögreglustöðina, kveða sig eigi hafa greint, að áfengisáhrifa gætti í fari ákærða. Að svo vöxnu máli þykja nægar sannanir eigi komnar fram um sekt ákærða. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á rikissjóð, þar með

talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00, enda hafði verjandi afsalað sér málsvarnarlaunum í héraði, einungis ef ákærða yrði dæmt áfall.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Högnason, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í héraðsdómi greinir, hefur ákærði viðurkennt, að hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis, er hann skildi við féлага sína, vitnin Jóhannes Pétursson og Elvar S. Haraldsson, um kl. 3 aðfaranótt 12. nóvember 1957. Kveðst hann þá hafa tekið með sér áfengisblöndu á sódavatnsflösku og drukkið hana á heimleiðinni, en farið að sofa um kl. 4 um nóttina. Kveðst hann hafa vaknað kl. að ganga tíu um morguninn, klæðzt og ekið því næst í bifreið sinni heim til Jóhannesar Péturssonar. Telur hann, að þá hafi klukkan verið nálægt 10.00, en vitnið Jóhannes telur, að ákærði hafi komið heim til þess um kl. 9.00 árdagis. Hefur ákærði því eigi notið nema um 5 klst. svefnis um nóttina.

Frá Jóhannesi Péturssyni héldu þeir hann og ákærði í bifreiðinni heim til vitnisins Elvars Haraldssonar, og ók ákærði. Því næst ók ákærði þeim öllum þremur upp í Sundhöll og var komið þangað laust eftir hádegi. Hafa vitnin Bergsveinn Jónsson, Björn H. Björnsson, Lilja Kristinsdóttir og Hulda Kristinsdóttir, er starfa í Sundhöllinni, látið í ljós það álit sitt, að ákærði hafi þá verið með áhrif-

um áfengis eða fundið til áfengisáhrifa, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi. Þegar ákærði hafði dvalizt í Sundhöllinni og þaðast, lenti hann í deilum við starfsstúlku, er eigi vildi veita honum aðgang að lauginni vegna þess, að hann væri með áhrifum áfengis. Ákærði taldi sig hins vegar þá allsgáðan og kvaddi lögregluþjóna á vettvang til vitnis um það. Telja lögregluþjónarnir Gísli Guðmundsson og Bogi Jóhann Bjarnason, er komu að beiðni hans, svo og Pálmi Jónsson varðstjóri, er ræddi við ákærða á lögreglustöðinni, sig ekki hafa merkt áfengisáhrif á ákærða. Mun þetta hafa verið um kl. 1—2 síðdegis. Hins vegar neitaði hann algerlega að láta rannsaka sýnishorn af blóði sínu og að ganga undir öndunarpróf, svo sem segir í héraðsdómi.

Fallast má á það með héraðsdómara, að eigi sé nægjanlega sannað, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis, svo að varði við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og 1 málsgr. 24. gr. laga nr. 58/1954, er hann hóf að aka bifreið sinni kl. um 9 eða á 10. tímanum að morgni 12. nóvember 1957. Á hinn bóginn lít ég svo á, að skýrslur ákærða og félaga hans um áfengisdrykkju hans fram eftir nóttunni og vætti starfsfólks Sundhallarinnar, sem að framan var greint, veiti nægar sannanir fyrir því, að ákræði hafi þá verið svo miður sín vegna undanfarinnar neyzlu áfengis og eins og á stóð ónógs svefns um nóttina, að akstur hans varði við 3. málsgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Tel ég vætti lögregluþjóna þeirra, er komu á vettvang um 3—4 klukkustundum eftir að ákærði hóf aksturinn, ekki nægja til að hnekkja því, enda styrkir synjun hans um nánari rannsókn líkur gegn honum.

Refsingu ákærða tel ég hæfilega ákveðna kr. 1000.00 sekt til ríkissjóðs, en til vara 6 daga varðhald.

Eigi virðist næg ástæða til að svipta ákærða rétti til bifreiðaraksturs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal laun sækanda í Hæstarétti, kr. 2.000.00. Verjandi ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti hefur afsalað sér málsvarnarlaunum úr hendi ákærða.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Ákærði, Anton Högnason, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti til vara 6 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málf lutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1958.

Ár 1958, miðvikudaginn 14. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Ólafi Þorlákssyni, fulltrúa sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2503/1958: Ákærvaldið gegn Antoni Högnasyni, sem tekið var til dóms 17/4 s.l.

Mál þetta er með ákæruskjali, dagsettu 24/2 s.l., höfðað gegn Antoni Högnasyni leigubílstjóra, Hjarðarhaga 28, Reykjavík, fyrir að hafa þriðjudagsmorguninn 12. nóvember s.l. ekið bifreiðinni R 4450 frá Hjarðarhaga 28 að Kjartansgötu 7 og síðan að Bragagötu 35 og loks upp að Sundhöll, þótt hann væri undir áhrifum áfengis eða svo miður sín sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt. Telst þetta aðallega varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, en til vara við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. síðastnefndra laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku- leyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 12/3 1928 í Reykjavík.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

- | | | |
|------|------|---|
| 1948 | 19/5 | Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið. |
| — | 31/8 | Reykjavík. Undir rannsókn út af umferðarslysi. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 9/9 1949. |
| 1950 | 25/3 | Reykjavík. Dómur, 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 106. gr. hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík. |
| 1952 | 22/7 | Reykjavík. Kærður fyrir meint brot á lögum nr. 47/1935. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 19/3 1953. |

- 12/5 Reykjavík. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 1282/1950. Fangelsi 4 mánuði, skilorðsbundið í 5 ár.
- 1954 21/1 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
- 1956 5/4 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 4/5 Reykjavík. Áminning fyrir vöntun ökuskírteinis.
- 1957 30/4 Reykjavík. Veittu handhafar valds forseta Íslands dómfellda uppgjöf sakar, að því er snertir dóm Hæstaréttar frá 12/5 1952, þannig að allar lögfylgjur dómsins falli niður, þar á meðal að dómfelldi njóti allra borgaralegra réttinda og dómurinn hafi ekki ítrekunaráhrif.

Málsatvik eru þau, að hinn 12/11 s.l. kl. 12.55 var hringt á lögreglustöðina frá Sundhöllinni og óskað eftir aðstoð þangað. Til að sinna beiðni þessari fóru lögregluþjónarnir Gísli Guðmundsson og Bogi Jóhann Bjarnason á vettvang. Þar hittu lögreglumennirnir að máli Anton Högnason, Hjarðarhaga 28, ákærða í máli þessu, er ekið hafði þangað skömmu áður á bifreið sinni, R 4450, ásamt félögum sínum, Jóhannesi Péturssyni, Kjartansgötu 7, og Elvari Haraldssyni, Bragagötu 35. Anton kveðst hafa ætlað að fá lánaða sundskýlu í afgreiðslunni, en sér verið neitað um hana sökum þess, að hann væri talinn áberandi ölvaður. Kvaðst hann hafa þá hringt á lögregluna, ef hann með því gæti fengið leiðréttingu á áburði þessum, en Anton kvaðst hafa verið að skemmta sér síðastliðna nótt, en ekki bragðað áfengi síðan.

Varð það síðan úr, að Anton fylgdist með lögreglumönnum niður á lögreglustöð. Þar fyrir varðstjóra, hr. Pálma Jónssyni, neitaði ákærði eindregið að blása í belg, er sýnir, hvort maðurinn hefur nýlega neytt áfengis. Einnig neitaði ákærði að láta taka sér blóðsýnishorn til alkóhólákvörðunar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að nóttina fyrir framangreindan atburð hafi hann verið að skemmta sér. Kveðst hann hafa hitt kunningja sína, Elvar Haraldsson og Jóhannes Pétursson, ásamt Gísla Guðmundssyni um miðnætti í bíl Jóhannesar, en bílnum hafi ekið stúlka, Edda að nafni. Ákærði kveðst þá hafa verið allsgáður, en vín hafi verið haft um hönd í bílnum og hann neytt af því. Ákærði kveðst ekki vita, hve mikils vínmagns hann neytti, en segir sig hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis, er hann yfirgaf kunningjafólk sitt um kl. ca. 3 um nóttina. Hafi hann þá tekið með sér áfengisblöndu í sódavatnsflösku og drukkið áfengi áður en hann fór að sofa kl. ca. 4 um morguninn.

Ákærði kveðst hafa vaknað klukkan að ganga 10 um morguninn og ekið þá að heiman frá sér í bíl sínum og heim til Jóhannesar Péturssonar, Kjartansgötu 7, vakið hann og ekið með hann heim til Elvars Haraldssonar, Bragagötu 35. Síðan hafi hann ekið með þá félagar upp í Sundhöll. Þar hafi þeir allir þrír fengið sér bað. Síðan hafi hann gert tilraun til að fá leigðar sundskýlur handa þeim félögum, en verið neitað vegna gruns um ölvun. Þá hafi hann hringt í lögregluna, eins og að framan getur. Ákærði kveðst hafa verið án áfengisáhrifa þarna í Sundhöllinni, enda ekki drukkið áfengi frá því að hann fór á fætur um morguninn.

Vitnið Edda Scheving, er ók bifreið Jóhannesar Péturssonar umrædda nótt, kveður Anton hafa komið í bílinn um miðnætti. Vitnið var þess vart, að Anton neytti áfengis, meðan hann var í bílnum, en telur, að hann hafi ekki verið mikið undir áfengisáhrifum, er hann kvaddi um kl. 2—3 um nóttina. Ekki kveðst vitnið vita, hversu mikið áfengismagn var haft um hönd í bílnum umrætt skipti.

Vitnið Jóhannes Pétursson hefur skýrt svo frá, að ákærði Anton hafi komið í bifreið sína laust eftir miðnætti hinn 12/11 s.l. og neytt þar víns ásamt sér og vitninu Elvari Haraldssyni, þar til kl. 2—3 um nóttina, að Anton fór úr bílnum. Ekki veit vitnið, hversu mikið vín var drukkið, meðan ákærði hafði dvöl í bíl vitnisins, en telur að það hafi verið ca. ein háflaska af Vodka. Vitnið segir, að ákærði Anton hafi síðan komið heim til þess um kl. 9 um morguninn eftir akandi í bíl sínum, og síðan hafi ákærði ekið með því heim til vitnisins Elvars og þaðan hafi ákærði ekið upp í Sundhöll. Telur vitnið, að þá hafi klukkan verið um 12 á hádegi. Ekki kveðst vitnið hafa séð áfengisáhrif á ákærða né séð hann neyta víns um morguninn. Hins vegar hafi ákærði gefið vitninu eina flösku af hvítvíni um morguninn, og hafi það drukkið hana ásamt vitninu Elvari, áður en þeir félagar fóru upp í Sundhöll.

Vitnið Elvar Haraldsson, sem var ásamt ákærða og vitnunum Eddu og Jóhannesi í bíl Jóhannesar umrædda nótt, hefur skýrt frá atvikum mjög á sama hátt og framangreind vitni. Vitnið áætla, að drukkið hafi verið úr 1½ háflösku af vodka, meðan ákærði hafði dvöl í bifreið Jóhannesar, og hafi þeir verið alls fjórir, er neyttu af víninu. Vitnið segir, að ákærði Anton hafi komið akandi í bíl sínum heim til þess ásamt vitninu Jóhannesi um kl. 11.30 um morguninn 12/11 s.l., vakið sig og hafi þeir síðan ekið upp í Sundhöll. Hafi þá vitnið Jóhannes verið með hvítvins-

flösku meðferðis, og hafi það drukkið eitthvað af víninu, en ekki segist vitnið hafa orðið þess vart, að ákærði smakkaði á víninu, og ekki séð á honum áfengiseinkenni.

Er í Sundhöllina kom, segir vitnið, að afgreiðslustúlkurnar hafi sagt við þá félagu, að þeir fengju ekki sundskýlur, þar eð þeir væru undir áhrifum áfengis. Segir þá vitnið, að þeir hafi allir þrír farið í bað, en síðan hafi Anton farið fram og reynt að fá skýlur, og skömmu síðar hafi lögreglan komið á vettvang.

Vitnið Lilja Kristinsdóttir, starfsstúlka í Sundhöllinni, telur ákærða Anton hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis, er hann kom upp í Sundhöll í umrætt sinn kl. 12.10—12.50 hinn 12/11 s.l. Byggir vitnið þá staðhæfingu sína á því, að það hafi fundið greinilegan áfengisþef úr vitum ákærða, auk þess sem hann var óeðlilegur í fasi í umrætt sinn, að því er vitnið segir, en það kveðst vera ákærða málkunnugt.

Vitnið Hulda Kristinsdóttir, starfsstúlka í Sundhöllinni, hefur skýrt svo frá, að það hafi séð ákærða, er hann kom úr baði um kl. 12.45. Vitnið kveðst hafa fundið áfengislykt af ákærða og kveður það vera álit sitt, að ákærði hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis og byggir vitnið þá skoðun sína á áfengislykt af ákærða svo og óeðlilegri framkomu hans.

Vitnið Björn Haraldur Björnsson baðvörður hefur skýrt svo frá fyrir rannsóknarlögreglu þann 12/11, að það hafi ekki tekið eftir því, hvort ákærði væri undir áhrifum áfengis né fundið af honum áfengislykt umrætt sinn í Sundhöllinni. Fyrir dómi 20/11 s.l. hefur vitnið staðfest framburðinn og tekið jafnframt fram, að persónulegt álit sitt hafi verið þó, að ákærði hafi fundið til áfengisáhrifa. Ekki hefur vitnið rökstutt það álit sitt.

Vitnið Bergsveinn Jónsson, umsjónarmaður í Sundhöllinni, kveðst hafa átt nokkurn orðastað við ákærða umrætt sinn og fundið úr vitum hans greinilegan áfengisþef. Er það skoðun vitnisins, að ákærði hafi þá fundið til áfengisáhrifa.

Vitnið Guðmundur Ragnar Jónatansson Sundhallarvörður, er einnig átti orðastað við ákærða umrætt sinn, hefur skýrt frá því, að það hafi ekki fundið úr vitum ákærða áfengislykt né tekið eftir öðru því í fari hans, er bent gæti til þess, að ákærði væri í umrætt sinn undir áhrifum áfengis.

Vitnið Gísli Guðmundsson lögregluþjónn kveðst ekki hafa getað greint merki þess, að ákærði væri undir áfengisáhrifum umrætt sinn.

Vitnið Bogi Jóhann Bjarnason lögregluþjónn kveðst ekki hafa

merkt einkenni þess á ákærða, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Vitnið Pálmi Jónsson, er gengdi starfi varðstjóra á lögreglustöðinni, er framangreind tvö vitni komu með ákærða fyrir það til yfirheyrslu, hefur skýrt frá því, að það hafi ekki merkt einkenni áfengisáhrifa á ákærða, en hann hafi þó virzt æstur í framkomu og neitað eindregið að fara til blóðtöku til alkóhólákvörðunar og neitað sömuleiðis að undirgangast öndunarpróf.

Vitnin úr hópi starfsfólks Sundhallarinnar hafa öll staðfest framburði sína með eiði, enn fremur lögregluþjónar.

Ekki þykir nægilega sannað með vætti vitna, sem að framan eru rakin, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn í umrætt skipti. Ber því að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga 24/1941 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Með eigin frásögn ákærða um áfengisneyzlu sína umrædda nótt og synjun hans um öndunarpróf og blóðtöku til alkóhólákvörðunar og með hliðsjón af framburðum vitnanna Lilju Kristinsdóttur, Huldu Kristinsdóttur og Bergsveins Jónssonar þykir ljóst, að ákærði hafi verið svo á sig kominn vegna undanfarandi neyzlu áfengis, að akstur hans varði við 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga 23/1941 4 mánuði frá birtingu dómsins.

Hinn skipaði verjandi ákærða, hr. hdl. Guðlaugur Einarsson, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum í skriflegri málsvörn sinni. Ber því ekki, þegar af þeirri ástæðu, að dæma honum málsvarnarlaun, sbr. 2. mgr. 86. gr. laga 27/1951.

Dómsuppkvaðning hefur dregizt vegna mikilla anna við embættið.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Högnason, greiði 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi sínu 4 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað málsins.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. október 1958.

Nr. 95/1957. **Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í E**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

F (Magnús Thorlacius hrl.)

og gagnsök

og

G og H (Magnús Thorlacius hrl.).

gegn

Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt í E.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir **Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson** og prófessor **Ármann Snævarr.**

Mál um forræði barna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1957 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 31. maí 1957. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Meðáfrýjendur, hjónin G og H, hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október 1957 gengið inn í mál þetta hér fyrir dómi með áfrýjunarstefnu sama dag. Eru kröfur þeirra samhljóða